



HÚNAÞING
VESTRA

VIÐVERU- STEFNA HÚNAÞINGS VESTRA

Október 2024

Tilgangur og markmið

Húnaþingi vestra er umhugað um heilsu og velferð starfsfólks síns og vill stuðla að heilbrigðu, jákvæðu og öruggu starfsumhverfi þar sem jafnræðis er gætt í meðhöndlun fjarvista frá vinnu. Viðverustefnan nær til alls starfsfólks sveitarfélagsins.

Markmiðin með viðverustefnu eru að:

1. Styðja við og hlúa að starfsmönnum vegna fjarveru frá vinnu vegna veikinda, slysa eða áfalla um lengri eða skemmri tíma.
2. Auka ánægju í starfi og skapa traust og heilsusamlegt vinnuumhverfi.
3. Gæta jafnræðis í ákvörðunum og meðhöndlun mála er lúta að hvers kyns fjarvistum frá vinnu.
4. Halda fjarvistum í lágmarki, þ.e. fækka skiptum og stytta fjarverutímamann með markvissum fyrirbyggjandi aðgerðum.
5. Stuðla að farsælli endurkomu starfsfólks til vinnu eftir langvarandi fjarvistir vegna veikinda eða slysa og/eða ef starfsgeta þeirra breytist.
6. Efla hag sveitarfélagsins.

Viðverustefnan hefur því þann tilgang að samræma verklag og viðbrögð vegna fjarveru þannig að allir starfsmenn og stjórnendur hafi skýra verkferla í tengslum við tilkynningar, skráningar og viðbrögð við fjarvistum sem/og endurkomu til vinnu eftir veikindi.



Húnaþingi vestra er umhugað um heilsu og velferð starfsfólks síns og vill stuðla að heilbrigðu, jákvæðu og öruggu starfsumhverfi

Skilgreining á fjarvistum

Skammtímafjarvistir: öll fjarvera sem varir skemur en fjórar vikur samfelld.

Langtímafjarvistir: fjarvistir sem vara lengur en fjórar vikur samfelld.

Skráning vinnutíma

Hjá sveitarfélaginu er viðverukerfið Vinnustund notað til tímaskráninga. Starfsmenn skulu stimpla sig inn við komu til vinnu og út að vinnudegi loknum. **Handvirkar tímafærslur eru aðeins notaðar til leiðréttingar.** Starfsmenn skulu yfirfara skráningu sína í síðasta lagi 16. hvers mánaðar.

Sveigjanleiki í starfi

Sveigjanleiki í starfi og samþætting vinnu og einkalífs eru mikilvægir þættir í starfsánægju starfsmanna. Starfsfólk getur í samráði við yfirmann, ef aðstæður á starfsstöð leyfa að teknu tilliti til opnunartíma og afleysingar, fengið leyfi frá vinnu vegna m.a. læknisheimsóknna, foreldraviðtala, til að sinna brýnni fjölskylduábyrgð eða vegna jarðarfara nákomins aðila. Hvað laun í slíkum leyfum varðar er vísað til ákvæða kjarasamninga hverju sinni. Fjarvistum frá vinnu vegna tilfallandi einkaerinda skal þó reynt að haga þannig að þeim sé sinnt í vinnustyttingu. Yfirmaður tekur afstöðu til fjarvistaóska miðað við aðstæður hverju sinni en mælst er til þess að þeir sem eru í hlutastarfi sinni þessum erindum utan vinnutíma sé þess kostur.

Starfsmenn skulu skrá sig út í Vinnustund á meðan einkaerindum er sinnt á vinnutíma. Að auki er þeim til mælum beint til starfsfólks að hafa í huga að fjarvera þeirra raski sem minnst starfsemi vinnustaðarins



Sveigjanleiki í starfi og samþætting vinnu og einkalífs eru mikilvægir þættir í starfsánægju starfsmanna



Reglur um fjarvistir

- Starfsfólk vinnur sér inn rétt til launa í veikindaforföllum samkvæmt lögum, ráðningarsamningi og kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags eftir því sem við á.
- Í tilfellum veikinda barna og fjarvista starfsfólks vegna læknisheimsóknna barna utan héraðs vísast til ákvæða kjarasamninga þar sem kveðið er á um að veikindaleyfi eru veitt til foreldra vegna barna 13 ára og yngri. Þó veitir sveitarfélagið starfsmönnum sem þurfa að fara með börn, eldri en 13 ára og eru í grunnskóla, til læknis utan héraðs launað leyfi á þeim degi sem heimsóknin fer fram að hámarki 4 daga á almanaksári gegn framvísun staðfestingar á komu til læknis.
- Þurfi starfsmaður að sækja læknisþjónustu eða heilsutengda sérfræðiþjónustu utan sveitarfélagsins fær hann veikindaleyfi þann dag sem læknistíminn er gegn framvísun staðfestingar á komu til læknis. Ávallt skal leita samþykkis stjórnanda fyrirfram.
- Almennar tannlækningar (s.s. viðgerðir og heimsókn til tannlæknis) falla ekki undir veikindarétt. Ef starfsmaður þarf að fara í svo viðmikla aðgerð eða meðferð, t.d. vegna sýkingar, að hann að læknisráði þarf að vera fjarri vinnu skal starfsmaður framvísa vottorði þar um.
- Valkvæðar aðgerðir eins og efnaskiptaaðgerðir og lýtaaðgerðir/fegrunaraðgerðir falla ekki undir veikindarétt.
- Samkvæmt almennum kjarasamningum á starfsmaður rétt á leyfi frá störfum þegar um óviðráðanlegar og brýnar fjölskylduaðstæður er að ræða vegna sjúkdóms eða slyss, sem krefjast nærveru starfsmanns. Starfsmaður á ekki rétt á launum frá atvinnurekanda í framangreindum tilfellum, nema við andlát nákomins ættingja/aðstandanda (barna, barnabarna, maka, foreldra, systkina eða tengdforeldra), en þá skal starfsmaður eiga rétt á allt að hálfmánaðar fjarveru á venjubundnum heildarlaunum ef nauðsyn krefur.
- Starfsmenn fá leyfi á launum þegar farið er til jarðarfara. Þegar fara þarf á milli landshluta til jarðarfarar, er veitt launað leyfi einn dag, þ.e. jarðarfaradaginn.
- Ef starfsmaður óskar eftir fríi frá vinnu skal hann ræða það með góðum fyrirvara við yfirmann sinn. Sama gildir um ósk starfsmanns til að sækja námskeið eða fræðslu á vinnutíma.
- Þegar um er að ræða fjarvistir vegna veðurs og færðar skal miða við jafnræði innan sama búsetusvæðis. Með búsetusvæði er átt við t.d. á Hvammstanga, á Laugarbakka, í Víðidal o.s.frv. Yfirmaður hvernar stofnunar skal meta aðstæður í samráði við starfsmenn. Verði starfsmaður veðurtepptur milli landshluta í launalausum leyfi, framlengist launalausum leyfið. Verði starfsmaður veðurtepptur milli landshluta í veikindaleyfi framlengist veikindaleyfið.
- Allar fjarvistir, jafnt almennra starfsmanna sem og stjórnenda eru skráðar í Vinnustund.

Reglur um fjarvistir, framhald

Ekki er sjálfgefið að starfsmaður skreppi úr vinnu. Skammtímafjarvistir sem nefndar eru „skrepp“ skulu ávallt tilkynntar og vera háðar samþykki næsta stjórnanda. Er þá um að ræða stutta fjarveru, t.d. vegna óvæntra aðstæðna sem koma upp og örðugt er að koma við á öðrum tíma. Skal slíkum fjarvistum stillt í hóf þannig að þær halli sem minnst á annað starfsfólk eða vinnustaðinn. **Í slíkum tilfellum skulu starfsmenn stimpla sig út í Vinnustund.**

Fjarvistir í samfélagsþágu

Þau sem sinna samfélagsþjónustu á vinnutíma, svo sem söng í kirkjukór við útfarir, neyðarútköllum björgunar-sveitar eða störfum kvenfélaga við erfidrykkjur geta óskað eftir leyfi á launum á meðan á viðkomandi viðburði/útkalli stendur ef aðstæður á starfsstöð leyfa að teknu tilliti til opnunartíma og afleysingar.

Fjarvistir vegna annarra starfa

Ekki er veitt launað leyfi vegna fjarveru starfsmanna vegna annarra launaðra starfa, svo sem útkalla slökkviliðs, nefndarstarfa o.s.frv. Undantekning á því eru fundir sveitarstjórnar í samræmi við lög þar um.

Óheimilar fjarvistir

Til óheimilla fjarvista teljast fjarvistir sem eiga sér ekki stoð í kjarasamningum né hafa verið veittar með leyfi yfirmanns eða annars sem til þess má jafna. Mæti starfsmaður ekki til starfa án nokkurra skýringa skal stjórnandi setja sig í samband við hann og gera honum grein fyrir mikilvægi þess að skýra fjarvist sína og skila inn tilskildum gögnum eftir því sem við á. Fjarvistir án leyfis yfirmanns sem ekki eru vegna veikinda eða af öðrum eðlilegum ástæðum eru ekki ásættanlegar og kunna að leiða til áminningar.



Tilkynning fjarvista

Starfsfólk skal tilkynna til næsta yfirmanns, eða þess sem tekur við slíkum tilkynningum á vinnustaðnum, um fjarveru vegna eigin veikinda eða veikinda barna sinna. Tilkynna skal um fjarveru eins fljótt og kostur er fyrir upphaf vinnudags. Tilkynna skal veikindi daglega að jafnaði þar til starfsmaður kemur aftur til starfa, nema í þeim tilvikum sem læknir hefur vottað fyrir ákveðið tímabil veikinda. Einnig þarf yfirmaður að vita sem fyrst hvort líkur séu á áframhaldandi veikindum og þá hvenær viðkomandi starfsmaður telur sig geta mætt aftur til starfa. Vinnustaðir sveitarfélagsins eru fjölbreyttir og skal hver og einn vinnustaður setja sér eigin reglur um hvernig fjarvistatilkynningum skuli háttað. Mikilvægt er að reglurnar séu skýrar og kynntar öllu starfsfólki við upphaf starfs.

Tilkynningar um fjarvistir í gegnum þriðja aðila eru ekki teknar gildar nema aðstæður geri það að verkum að starfsmaður sé ekki fær um að tilkynna fjarvistina sjálfur. Yfirmaður eða starfsmaður skulu skrá fjarvistina í viðverukerfið Vinnustund.

Veikist starfsmaður í orlofi gilda sömu almennu reglur og skal starfsmaður tilkynna veikindin strax til næsta yfirmanns. Ávallt skal skila læknisvottorði vegna veikinda í orlofi. Ekki nægir að tilkynna veikindi í orlofi um leið og læknisvottorði er skilað inn þegar starfsmaður snýr aftur til starfa að orlofi loknu.

Eins og kveðið er á um í kjarasamningum ákveður yfirmaður hvort læknisvottorðs skuli krafist. Almenna reglan hjá sveitarfélaginu er sú að vottorði skuli skilað ef veikindi vara lengur en 5 daga samfelld líkt og kjarasamningar kveða á um. Stjórnandi getur óskað eftir vottorði þó veikindi vari skemmri tíma ef hann metur ástæðu til þess. Ef um langtímaveikindi er að ræða skal ávallt framvísa læknisvottorði og ávallt skal skila starfshæfnisvottorði frá trúnaðarlækni áður en viðkomandi snýr aftur til starfa. Sveitarfélagið endurgreiðir kostnað vegna læknisvottorða og starfshæfnisvottorða.

Sveitarfélagið er með þjónustusamning um trúnaðarlækniþjónustu við Vinnuvernd og skal stjórnandi aðstoða starfsfólk sitt með tímabókanir vegna starfshæfnisvottorða eða annarrar þjónustu trúnaðarlækni.



Ábyrgð stjórnenda

Hlutverk stjórnenda sveitarfélagsins er að fylgjast með líðan starfsmanna og vera vakandi fyrir þáttum sem geta haft áhrif á líðan og heilsu. Þeir skulu sýna starfsfólki í langtímafjarvistum umhyggju og stuðning og stuðla að góðri endurkomu. Þeir skulu jafnframt vinna markvisst að því að stuðla að heilbrigðu starfsumhverfi, hreinskilnum og góðum samskiptum og vandaðri stjórnun.

Það er stefna sveitarfélagsins að halda tengslum við starfsmenn í veikindum þeirra og styðja þá. Yfirmaður skal hafa samband við starfsmann í veikindum til að athuga með líðan hans og sýna eðlilega umhyggju. Eftir 5 daga í skammtíma veikindum skal yfirmaður hafa samband við viðkomandi starfsmann hafi hann ekki sjálfur verið í sambandi eftir fjarverutilkynningu. Þar sem aðstæður einstaklinga geta verið mjög fjölbreytilegar er lögð áhersla á að yfirmaður noti eigin dómgreind til að bregðast við.

Ef um langvarandi veikindi er að ræða er mikilvægt að hvetja starfsmanninn til að halda reglulega sambandi við vinnustaðinn, t.d. með því að mæta á starfsmannafundi, í kaffi, á viðburði, fundi eða fræðslu þegar við á og hann treystir sér til.



Það er stefna sveitarfélagsins að halda tengslum við starfsmenn í veikindum þeirra og styðja þá.



Skammtímafjarvistir - Bradford kvarðinn

Bradford kvarðinn metur skammtímafjarvistir og gefur vísbendingar um hvenær tilefni er til að bregðast við vegna fjarvista. Með honum er fjölda veikindadaga umbreytt í stig yfir 13 vikna og 52 vikna tímabil. Kvarðinn leggur áherslu á að fjöldi skipta sem starfsmaður forfallast skipti meira máli en fjöldi daga sem hann er frá. Fjöldi stiga segir svo til um hver viðbrögð stjórnenda eiga að vera. Líta þarf til ástæðna veikinda hverju sinni og á kvarðinn ekki endilega við þegar um t.d. aðgerðir, slys, veikindi barna, mæðraeftirlit o.s.frv. er að ræða.

Í hverjum mánuði skal stjórnandi taka út lista úr Vinnustund fyrir annars vegar sl. 13 vikur og hins vegar sl. 52 vikur og skal hann bregðast við í samræmi við eftirfarandi reglur:

Miðað við síðustu 13 vikur:

- 25 – 49 stig: Viðverusamtal hjá yfirmanni.
- 50+ stig: Viðverusamtal hjá yfirmanni og virkniáætlun.

Miðað við síðustu 52 vikur:

- 100–199 stig: Viðverusamtal hjá yfirmanni.
- 200+ stig: Viðverusamtal hjá yfirmanni og virkniáætlun.

Stjórnendur fá upplýsingar um stig í Vinnustund undir Skýrslur – veikindaréttur og úr lista í felliglugga er Bradford-kvarði valinn.

- B (Bradford stig)
- S (skipti fjarverandi)
- D (dagar í samanlagðri fjarveru)

Dæmi:

- 1 skipti í burtu í 14 daga ($1 \times 1 \times 14$) = 14 stig
- 3 skipti í burtu; 1 dagur í fyrsta skipti, 3 dagar í annað skipti og 6 dagar í þriðja skiptið ($3 \times 3 \times (1+3+6)$) = 90 stig
- 6 skipti í burtu; 3 dagar, 2 x 2 dagar, 3 x 1 dagur ($6 \times 6 \times 10$) = 360 stig
- 9 skipti í burtu; 1 dagur í hvert sinn ($9 \times 9 \times 9$) = 729 stig

Ávallt er tekið viðverusamtal ef fjöldi stiga starfsmanns á Bradford kvarðanum fer yfir ofangreint skor. Það er **ekki** mat yfirmanns hvort samtal sé tekið ef starfsmaður er yfir mælikvarða, samtal er þá **alltaf** tekið.



Tilgangur viðverusamtals vegna skammtímaveikinda

Meginmarkmið viðverusamtals er að kanna hagi og heilsu starfsmanns og draga úr fjarvistum vegna veikinda. Tilgangurinn er einnig að vera honum til stuðnings við að leita lausna á vanda sem kann að liggja að baki fjarveru.

- Mikilvægt er að starfsmaður finni fyrir umhyggju í samtalinu.
- Ef starfsmaður á orðið erfitt með að sinna starfi sínu sökum heilsu sinnar, má nota samtalið til að ræða möguleika á breytingum á fyrirkomulagi, verkefnum eða öðru eins og unnt er miðað við hæfni starfsmanns og starfssvið deildarinnar.
- Samtalið getur haft forvarnargildi þar sem starfsumhverfi, vinnufyrirkomulag, aðbúnaður og annað er skoðað út frá þörfum starfsmanns. Að auki má ætla að samhliða þessu verði stjórnendur enn meira vakandi fyrir áhrifum starfsumhverfis, samskipta og vinnufyrirkomulags á líðan starfsmanna.

Eyðublað vegna viðverusamtals vegna skammtíma-fjarvista fylgir stefnu þessari sem viðauki.

Hafa ber í huga að starfsmanni ber **ekki** skylda til að gefa upplýsingar um persónuleg eða heilsutengd málefni. Sjúkdómar eru einkamál, en fjarvistir hafa áhrif á vinnustaðinn og þær þarf að ræða. Yfirmaður spyr því **ekki** um hvaða heilsufarsvanda sé um að ræða.


Undirbúningur stjórnanda fyrir viðverusamtal vegna skammtímafjarvista

Yfirmaður skal kynna sér vel tilgang og markmið viðverusamtala almennt og hafa skýrar væntingar og markmið með þessu tiltekna samtali. Viðverusamtal er trúnaðarsamtal milli starfsmanna og stjórnanda og upplýsingar sem koma fram í samtalinu eiga ekki að berast til annarra nema báðir aðilar veiti samþykki fyrir því. Eyðublað yfir samtalið skal fært til geymslu í aðgangsstýrðri persónumöppu viðkomandi starfsmanns í skjalakerfi sveitarfélagsins.

Yfirmaður tekur saman gögn um fjarvistir starfsmanns á því tímabili sem um ræðir:

1. Upplýsingar um tíðni fjarveru (hve mörg skipti) og fjöldi fjarverudaga.
2. Bradford stig.
3. Aflar upplýsinga hjá launafulltrúa um réttindi starfsmanns til launa í veikindum og hve mikinn hluta af réttindum sínum hann hefur nýtt á þeim tíma sem samtalið á sér stað.
4. Boðar starfsmann í samtál með fyrirvara og kynnrir honum tilgang og markmið.
5. Hugleiðir hvort eitthvað í starfsumhverfinu, samskiptum, verkaskiptingu eða öðru gæti verið að hafa áhrif á fjarveruna.
6. Gætir þess að ekki er um frammistöðusamtal að ræða, heldur er fyrst og fremst verið að ræða fjarvistir starfsmanns vegna veikinda, líðan starfsmannsins, áhrif veikindanna á vinnustaðinn og mögulegar lausnir.

Vinnuferli vegna skammtímafjarvista - Bradford kvarðinn



Langtímafjarvistir

Stuðningur við starfsmann í langtímafjarvistum þarf að taka mið af líðan hans og áhuga á að koma aftur til starfa. Aðstæður starfsmanna í langtímaveikindum geta verið mismunandi og því er ekki auðvelt að setja fram skýrar og samhæfðar vinnureglur vegna langtímaveikinda en mikilvægt er að yfirmaður hafi samband við starfsmann eftir fyrstu viku fjarverunnar og reglulega eftir það.

Stjórnendur eiga viðverusamtal við starfsfólk ef starfsmenn hafa verið frá vinnu vegna veikinda eða annarra ástæðna samfellt lengur en 4 vikur og fyrirséð að um langvarandi fjarvistir er að ræða. Hafi starfsmaður verið óvinnufær vegna veikinda eða slysa samfellt í einn mánuð eða lengur, má hann ekki hefja störf að nýju nema að farið hafi fram mat lækni/trúnaðarlækni að hann sé hæfur til að koma til starfa að nýju og það staðfest með starfshæfnisvottorði.

Viðverusamtal er trúnaðarsamtal milli starfsmanna og stjórnanda og upplýsingar sem koma fram í samtalinu eiga ekki að berast til annarra nema báðir aðilar veiti samþykki fyrir því. Eyðublað yfir samtalið skal fært til geymslu í aðgangsstýrðri persónumöppu viðkomandi starfsmanns í skjalakerfi sveitarfélagsins.

Eyðublað vegna viðverusamtals vegna langtímafjarvista fylgir stefnu þessari sem viðauki.

Tilgangur samtals vegna langtímafjarvista

Megin tilgangur samtals er að sýna starfsmanni umhyggju og gefa upplýsingar um starfsemina og vinnustaðinn. Jafnframt að hvetja starfsmanninn til að vera í sambandi við vinnufélaga og koma í heimsókn á fjarverutímanum. Á grundvelli þessa samtals og mati stjórnenda er síðan hægt að gera samkomulag um endurkomuáætlun fyrir starfsmanninn.



**Viðverusamtal er
trúnaðarsamtal milli
starfsmanna og stjórnanda**



Undirbúningur stjórnanda fyrir viðverusamtal vegna langtímafjarvista

1. Kynna sér vel tilgang og markmið samtalsins.
2. Láta starfsmann vita með góðum fyrirvara af samtalinu og kynna honum tilgang og markmið.
3. Vera opin/n fyrir nýjum hugmyndum og lausnum.
4. Hvetja starfsmann til að hugleiða vel möguleika á breytingum/aðlögun á starfi við endurkomu svo fremi sem aðstæður á vinnustað leyfa.
5. Virða upplifun starfsmanns á aðstæðum og hjálpa honum að sjá og finna nýja möguleika.
6. Sýna vilja til breytinga, nýrrar hugsunar og nýrra útfærslna.

Mikilvægt er að nálgast samtalið með gagnkvæma virðingu og jákvætt viðhorf að leiðarljósi.

Við lok samtals skal niðurstaða þess rædd og mikilvægt að báðir aðilar séu sammála um niðurstöðu þess. Einnig skal gera skriflega áætlun um endurkomu til vinnu.

Ítrekað er að starfsmanni ber **ekki** skylda til að gefa upplýsingar um persónuleg eða heilsutengd málefni. Yfirmaður spyr því **ekki** um hvaða heilsufarsvanda sé að ræða.



Mikilvægt er að nálgast samtalið með gagnkvæma virðingu og jákvætt viðhorf að leiðarljósi

Endurkomuáætlun

Ef fjarvera starfsmanns varir lengur en fjórar vikur útbýr yfirmaður endurkomuáætlun í samráði við starfsmann. Vel heppnuð endurkoma byggir á góðu skipulagi og samræmingu mismunandi aðila. Mikilvægt er að vera í góðu sambandi við starfsmanninn og móta aðlögunarferlið með honum. Vinnuaðlögun að getu og þörfum starfsmanns er einstaklingsbundin bæði varðandi verkefni og vinnufyrirkomulag.

Eftirfarandi er gott að hafa í huga við gerð endurkomuáætlunar:

- Hafa áætlunina tímasetta.
- Er möguleiki á að breyta vinnuskipulagi t.d. vinnutími, vinnuhraði eða vinnuflæði tímabundið eða ótímabundið.
- Skoða tæknilegar lausnir t.d. aðbúnað eða breyta/aðlaga vinnurými.
- Er þörf á einstaklingsmiðuðum stuðningi á vinnustað eða fyrir utan hann.
- Hvaða upplýsingar þarf að veita samstarfsfólki um endurkomu starfsmanns.
- Hvernig á að haga eftirfylgni og endurmati á endurkomuáætlun.
- Er þörf á að aðkomu annarra ráðgjafa og/eða sérfræðinga að áætluninni, t.d. með samvinnu við VIRK starfsendurhæfingarsjóð.

Hlutaveikindi

Hafi starfsmaður tímabundna skerta starfsorku í kjölfar veikinda eða slyss getur hann óskað eftir að vinna skert starf á móti veikindaleyfi og þá skila læknisvottorði þar um. Slíkt leyfi er ætíð háð aðstæðum á vinnustað og er háð samþykki yfirmanns sem metur hvort hægt sé að koma til móts við starfsmanninn. Útbúa þarf **skriflegt samkomulag um hlutaveikindi** milli sveitarfélagsins og starfsmanns þar sem gerð er áætlun til ákveðins tíma. **Launafulltrúi** hefur yfirumsjón með gerð slíkra samninga í samvinnu við yfirmenn. Yfirmaður ber ábyrgð á því að tilkynna hlutaveikindi til launadeildar og þarf læknisvottorð um skerta starfsgetu starfsmanns jafnframt að vera fyrirbyggjandi frá trúnaðarlækni sveitarfélagsins.


Vari hlutaveikindi lengur en þrjá mánuði leggur trúnaðarlæknir þá mat á stöðuna. Starfsmaður vinnur þá áfram í skertu starfshlutfalli þar til mat trúnaðarlæknis liggur fyrir. Trúnaðarlæknir sendir yfirlýsingu vegna starfsmanns til sveitarfélagsins með eftirfarandi möguleikum og mannauðsstjóri upplýsir yfirmann um niðurstöðuna.



Útbúa þarf skriflegt samkomulag um hlutaveikindi milli sveitarfélagsins og starfsmanns þar sem gerð er áætlun til ákveðins tíma

- Ef trúnaðarlæknir metur starfsmann með skerta starfsgetu tímabundið getur starfsmaður verið áfram í skertu starfshlutfalli eins lengi og veikindaréttur varir.
- Meti trúnaðarlæknir starfsmann að fullu starfshæfan, miðað við ráðningarsamning, þá kemur hann aftur til starfa í samræmi við ráðningarhlutfall í ráðningarsamningi. Yfirmaður sér til þess að tekið sé tillit til starfsmanns hvað varðar verkefni og álag fyrstu vikunnar.
- Ef trúnaðarlæknir metur starfsmann með skerta starfsorku til frambúðar og viðkomandi á enn inni veikindarétt þá getur hann verið áfram í skertu starfshlutfalli eins lengi og veikindaréttur varir.

Allir þessir samningar um hlutaveikindi eru háðir samþykki yfirmanns og sviðsstjóra sem meta hvort hægt sé að koma til móts við starfsmanninn sbr. viðeigandi kjarasamninga þar um.




Viðverustefna þessi er órjúfanlegur þáttur af öðrum stefnum sveitarfélagsins sem ná til starfsmanna og er í reglulegri endurskoðun.

Byggðarráð samþykkti að stefnan yrði sett í opið samráð á 1222. fundi sínum þann 9. september 2024. Ein athugasemd barst sem ekki var efnisleg og gaf því ekki tilefni til breytinga.

Samþykkt á 1229. fundi byggðarráðs sem haldinn var þann 14. október 2024.

Staðfest á 384. fundi sveitarstjórnar sem haldinn var þann 17. október 2024.



Skjal þetta hefur vísan í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 3 og 10.



Efni skjalsins samræmist markmiðum um Heilsueflandi samfélag.



Viðverusamtal vegna skammtímafjarvista

Trúnaðarsamtal

Tilgangur með viðverusamtali er að skapa formlegan vettvang til að fara yfir stöðu skammtímafjarvista hjá starfsmanni út frá skráðum fjarvistatölum og aðstæðum á vinnustað sem geta haft áhrif á líðan og/eða mætingu. Viðverusamtalið er trúnaðarsamtal á milli starfsmanns og yfirmanns og upplýsingar sem fram koma í samtalinu eiga ekki að berast til annarra nema báðir aðilar samþykki það. Báðir aðilar geta óskað eftir að trúnaðarmaður verði með í samtalinu.

Mikilvægt er að niðurstaða þessa samtals verði skrifleg og henni fylgt markvisst eftir. Báðir aðilar skrifa undir.

Opnun samtals

Hefjið samtal á því að upplýsa starfsmann um að sveitarfélaginu sé umhugað um að starfsfólki líði vel og sé við góða heilsu, hvort sem er í vinnu eða utan hennar. Lítið sé á miklar fjarvistir vegna veikinda sem merki um heilsubrest að einhverju leyti og því viljum við finna leiðir til að efla heilsu og efla virkni starfsmannsins á vinnustaðnum í takt við markmið um heilsueflandi samfélag og heimsmarkmið um heilsu og vellíðan.

Ræðið jafnframt það að miklar fjarvistir einstakra starfsmanna hafa áhrif á vinnustaðinn, enda miða allar áætlanir og skipulag verkefna við að starfsfólk sé á staðnum (dæmi um möguleg áhrif: hæfni og framlag starfsmanns er saknað, álag á aðra starfsmenn eykst, verkferlar og þjónustustig geta raskast, fjarvistir geta hægt á þjálfun, aukið hættu á frávikum/villum o.fl.).

Farið yfir þau gögn sem eru tilefni þess að starfsmaður er kallaður í samtal um fjarvistir sínar:

- Tíðni fjarvista á tímabilinu (fjöldi skipta og heildarfjöldi daga).
- Hlutfall fjarvista af vinnuskyldu á tímabilinu sem kemur til vegna eigin veikinda hans.
- Viðmið sem höfð eru til hliðsjónar.

Heilsa starfsmanns

Starfsmanni ber ekki skylda að gefa upplýsingar um sjúkdóma eða persónuleg málefni og því skal stjórnandi ekki spyrja hvað hafi verið að hrjá viðkomandi starfsmann. Mikilvægt er þó að hann leiti til læknis þegar veikindi eru algengari en sveitarfélagið skilgreinir sem eðlileg viðmið. Stjórnandi skal því hvetja starfsmann til að hitta lækni hið fyrsta, sem gæti þá beint starfsmanni annað eftir því sem við á.

Starfsumhverfið

Notið tækifærið og ræðið starfsumhverfið við starfsmann með því að fara gegnum eftirfarandi spurningar. Mögulegt er að eitthvað komi fram um starfið, aðbúnað, samstarf eða annað sem getur hafa haft áhrif á veikindafjarvistir viðkomandi.

Viðverusamtal vegna skammtímafjarvista – Eyðublað

Nafn starfsmanns	Kennitala
Starfsheiti	Svið/Stofnun
Nafn yfirmanns	Dagsetning samtals
Nafn trúnaðarmanns/pátttakanda í samtali (ef við á)	

Upplýsingar um fjarveru:

Fjöldi skipta í fjarveru ____ síðustu 13 vikur

Fjöldi fjarverudaga ____ síðustu 52 vikur

Bradfordstig

Miðað við síðustu 13 vikur: ____

Miðað við síðustu 52 vikur: ____

Byrja skal formlegt samtal út frá yfirliti um skráða fjarveru, það er fjölda fjarveruskipta á undangengnu 13 til 52 vikna tímabili. Einnig skal skoða fjölda daga á þessu sama tímabili til að hafa yfirsýn yfir viðveru starfsmannsins á vinnustaðnum. Ræða skal síðan eftirfarandi atriði:

1. Hvernig líður þér almennt í vinnunni og á vinnustaðnum?
2. Hvernig er dæmigerður vinnudagur hjá þér?
3. Hvaða verkefnum sinnir þú og hvernig gengur að sinna þeim? Hvað gengur vel og hvað gæti gengið betur? Af hverju?

4. Hvað með aðbúnað og vinnuaðstöðu – hafa þau áhrif á líðan þína í vinnunni?

5. Hvernig hentar vinnutíminn þér? Hefur hann áhrif á líðan þína í vinnunni?

6. Hvernig gengur þér að vinna með öðrum? Hvernig eru samskiptin við samstarfsfólk þitt? Hver er ástæðan þegar þér gengur vel eða illa?

7. Hvernig finnst þér stjórnun vinnustaðarins vera? Hvaða áhrif hefur hún á líðan þína?

8. Hvað annað hefur áhrif á heilsufar þitt eða mætingu? T.d. utanaðkomandi aðstæður, áhugi fyrir starfinu, álag, streita, jafnvægi milli vinnu og fjölskyldu?

9. Hvaða áhrif hefur fjarveran haft að þínu mati á vinnuna og á vinnustaðinn?

10. Hvað getur vinnustaðurinn/stjórnendur gert til að stuðla að betri heilsu og/eða betri mætingu?

11. Hvað getur þú sem starfsmaður gert til að stuðla að betri heilsu og/eða betri mætingu?

12. Niðurstöður: Hvað er ákvæðið að gera og hvenær?

13. Eitthvað að lokum?

Annað:

Dagsetning: _____

Starfsmaður

Yfirmaður

Skjal þetta hefur vísan í eftirtalin Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:



Skjal þetta samræmist markmiðum um Heilsueflandi samfélag



Viðverusamtal vegna langtímafjarvista

Trúnaðarsamtal

Tilgangur með viðverusamtali er að skapa formlegan vettvang til að fara yfir stöðu langtímafjarvist hjá starfsmanni út frá teknum veikindadögum og aðstæðum á vinnustað sem geta haft áhrif á líðan og/eða mætingu. Viðverusamtalið er trúnaðarsamtal á milli starfsmanns og yfirmanns og upplýsingar sem fram koma í samtalinu eiga ekki að berast til annarra nema báðir aðilar samþykki það. Báðir aðilar geta óskað eftir að trúnaðarmaður verði með í samtalinu.

Mikilvægt er að niðurstaða þessa samtals verði skrifleg og henni fylgt markvisst eftir. Báðir aðilar skrifa undir.

Opnun samtals

Hefjið samtal á því að upplýsa starfsmann um að sveitarfélaginu sé umhugað um að starfsfólki líði vel og sé við góða heilsu, hvort sem er í vinnu eða utan hennar. Langtímaveikindi eru sameiginlegt viðfangsefni starfsmannst og vinnustaðar og því viljum við finna leiðir til að auðvelda starfsmanni að snúa aftur til vinnu eins og aðstæður og vinnustað leyfa. Jafnframt er markmiðið að efla heilsu og virkni starfsmannsins á vinnustaðnum í takt við markmið um heilsueflandi samfélag og heimsmarkmið um heilsu og vellíðan.

Heilsa starfsmanns

Starfsmanni ber ekki skylda að gefa upplýsingar um sjúkdóma eða persónuleg málefni og því skal stjórnandi ekki spyrja hvað hafi verið að hrjá viðkomandi starfsmann.

Starfsumhverfið

Notið tækifærið og ræðið við starfsmann með því að fara gegnum eftirfarandi spurningar. Mögulegt er að eitthvað komi fram um starfið, aðbúnað, samstarf eða annað sem getur hafa haft áhrif á veikindafjarvistir viðkomandi.

Niðurstöður úr viðverusamtali vegna langtímaveikinda – virkniáætlun

Nafn starfsmanns	Kennitala
Starfsheiti	Svið/Stofnun
Nafn yfirmanns	Dagsetning samtals
Nafn trúnaðarmanns/þátttakanda í samtali (ef við á)	

Tilgangur með virkniáætlun er að fá fram sameiginlega niðurstöðu úr viðverusamtalinu.

Markmiðið er að efla starfshæfni einstaklingsins og draga þannig úr líkum á því að hann hverfi af vinnumarkaði vegna langvarandi veikinda í anda markmiða Heilsueflandi samfélags. Yfirmaður og starfsmaður þurfa að vera sammála um niðurstöðu viðverusamtalsins.

Við gerð virkniáætlunar þarf að vinna með þau tækifæri sem komu upp í greiningu og finna mögulegar lausnir á vandamálum. Komast að því hvað væri æskilegt að gera og hvaða aðstæðum er mögulegt að breyta. Beina þarf athyglinni annars vegar að breytingum á vinnustaðnum og hins vegar að því sem starfsmaðurinn getur sjálfur unnið með.

Upplýsingar um fjarveru

Fjöldi tekinnna veikindadaga: _____

Fjöldi veikindadaga sem starfsmaður á eftir skv. kjarasamningum: _____

Hvernig getur vinnustaðurinn/starfsumhverfið brugðist við til að aðstoða eða bæta úr hlutunum? Svo sem til auðveldra endurkomu til vinnu? (Skrá hvað er ákveðið að gera og hvernig.)

Hvað get ég sem stjórnandi aðstoðað þig með sem þú telur hafa áhrif á fjarvistir þínar vegna veikinda í framhaldinu? (Skrá hvað er ákveðið að gera og hvernig.)

Hvernig getur starfsmaður sjálfur brugðist við til að bæta ástandið? (Skrá hvað er ákveðið að gera og hvernig.)

Hvað ætlar stjórnandi að gera/hvenær?

Þörf fyrir aðstoð frá öðrum við endurkomu – hverjum?

Lagt er til að stjórnandi og starfsmaður skipuleggi annan fund til að fylgja eftir því sem rætt var í samtali og meta hvort breyting hafi orðið á.

Næsti stöðufundur ákveðinn (dags/tími/staður):

Dagsetning: _____

Starfsmaður

Yfirmaður

Skjal þetta hefur vísan í eftirtalin Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:



Skjal þetta samræmist markmiðum um Heilsueflandi samfélag

